

**Ed.**

**163. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um slysatrygging sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem stjórnin hefir lagt fyrir Alþingi, og sjávarútvegsnefnd hefir verið falið til athugunar, hefir hún yfirfarið á nokkrum fundum, og kemur nú fram með eftirfarandi álit.

Með því að flestum mun koma saman um, að fyrirkomulag það, er nú á sjer stað um vátrygging sjómanna, sje ekki viðunandi, verður ekki hjá því komist að breyta til frá núverandi ástandi, jafnvel þótt það hafi nokkur útgjöld fyrir landið í för með sjer.

Nefndin viðurkennir, að í frumvarpinu felist talsverðar umbætur, en vill þó breyta nokkrum atriðum, sem síðar verður gerð grein fyrir.

Vátrygging sjómanna hefir verið til meðferðar á mörgum undanförunum þingum, en árangurinn af því orðið sama sem enginn. Það sem aðallega hefir valdið því, að málið hefir átt svo erfitt uppdráttar á þinginu, er það, að menn hafa viljað fá mikla trygging fyrir lítið gjald, en til þess að slíkt gæti átt sjer

stað mundi landssjóður hafa orðið að leggja fram mikið fje, en um það hefir ekki náðst samkomulag, en nefndin væntir þess, að um það verði nú ekki verulegur ágreiningur, því að í frumvarpinu er farinn sá meðalvegur, sem allir ættu að geta sætt sig við.

Með því að athugasemdir þær, sem frumvarpinu fylgja, eru all-ítarlegar, virðist ekki ástæða til að fjölyrða um málið í heild, heldur að eins minnst með fám orðum á þær greinar frumvarpsins, er nefndin telur þurfa breytinga við.

Við 1. og 2. gr. hefir nefndin að eins komið fram með orðabreytingar, sem henni þóttu betur fara.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að landssjóður leggi fram nokkurt fje til tryggingarsjóðs, en mismunandi þó, eftir því hvort útgerðin er rekin á stærri skipum, vjelbátum eða róðrabátum. Hvernig hlutföllin milli hinna stærri og minni útgerða sjeu rjettilega ákveðin, getur verið álitamál, en nefndinni virðist þó rjettara, að breytt sje nokkuð frá frumvarpinu í því efni. Fyrir hvern, sem trygður verður samkvæmt því, er frumvarpið gerir ráð fyrir, er skylt að greiða 70 aura á viku fyrir hvern skipverja. Annan helminginn greiðir sá, sem trygður er, en útgerðarmaður hinn. Þetta fyrirkomulag er miðað við skip og vjelbata, sem eru 8 lestir og stærri. Þessu vill nefndin breyta þannig, að lágmarkið fyrir þessu gjaldi sje miðað við 12 lesta vjelbata, því að það yrði í meira samræmi við önnur lagaákvæði um flokkun skipanna, og auk þess sanngjarnara með tilliti til hinna flokkanna, er hjer fara á eftir.

Þá virðist nefndinni gjald það, sem útgerðinni er ætlað að greiða fyrir vjelbata, minni en 8 lestir, of lágt, samanborið við næsta flokk á undan. Hún leggur því til, að fyrir 10 aura komi 20 aurar, og þetta gildir jafnt um alla minni vjelbata og róðrabata, fjórróna eða stærri.

Nefndin getur fallist á ákvæði 4. greinar um, að landssjóður leggi fram hálf gjaldið, eða 35 aura á viku, til móts við þá menn, er fiskiveiðar stunda á hinum smærri róðrabátum, ef þeir vilja tryggja sig fyrir slysum, þótt þeir sjeu ekki skyldir til þess eftir frumvarpinu.

Aðalbreytingarnar við 5. grein eru:

1. Að foreldrar missi ekki rjett til skaðabóta, þótt þau hafi ekki verið á framfæri hins látna.
2. Að systkini verði ekki útilokuð frá skaðabótum, ef ekkja, börn eða foreldrar hins látna eru ekki á lífi.

Enn fremur þótti rjett að setja nánari ákvæði til tryggingar því, að engir aðrir gætu á nokkurn hátt orðið skaðabóta aðnjótandi en nánustu erfingjar hins látna.

Jafnvel þótt ekki sjeu miklar líkur til að landssjóður þurfi að leggja fram fje til styrktar sjóðnum, þykir nefndinni upphæð sú, sem ákveðin er í 9. gr., heldur lág, og leggur því til að fyrir 15000 kr. komi 30000 kr. Ef svo slysalega tækist, að þessi upphæð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, einhvern tíma reyndist ónóg, sýnist það standa landssjóði næst að leggja fram það, sem kynni að vanta, og virðist þá eins rjett að ákveða upphæðina hærri nú þegar. Það verður ekki tekið til hennar nema þurfi.

Samkvæmt framanrituðu ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

## BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. Orðið »minst« i niðurlagi greinarinnar falli burt.
2. — - — Aftan við greinina bætist:  
eða lengur.
3. — 2. — Niðurlag 1. málsgreinar frá »skipverja« falli burt. Í þess stað komi:  
samkvæmt 1. gr., hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu.
4. — - — Fyrir »háseta« i 2. málsgrein komi:  
skipverja.
5. — - — Fyrir »hásetana« komi:  
skipsverjana.
6. — - — Orðin »sem skráningarstjóra« falli burt.
7. — - — Fyrir »slysatryggingarstjórn« komi:  
stjórn.
8. — 3. — Fyrir »sjerhvern« komi:  
hvern.
9. — - — Fyrir »greiðir hinn trygði ..... útgerðarmaður« komi:  
greiðir sá, sem trygður er, en útgerðarmaður hinn.
10. — - — Fyrir »8« komi:  
12.
11. — - — Fyrir »10« komi:  
20.
12. — - — Fyrir »háseta« komi:  
skipverja.
13. — - — Fyrir »25« komi:  
15.
14. — - — »skips, sem lögskráð er á« falli burt.
15. — - — Fyrir »hásetanna« komi:  
skipverjanna.
16. — - — Á eftir orðunum »og 6% af róðrar og vjelbátum« komi:  
sem eru minni en 12 lestir.
17. — - — Orðin »hin siðarnefnda« falli burt.
18. — - — Fyrir »gjalds« komi:  
gjaldsins.
19. — 5. — Fyrsta málsgrein orðist þannig:  
Verði sjómaður fyrir slysi á vátryggingartímabilinu, skal úr slysa-  
tryggingarsjóði greiða upphæðir þær, er hjer segir.
20. — - — Liðurinn a. orðist þannig:  
Verði sá, er fyrir slysi varð, að læknis dómi algerlega ófær til  
nokkurrar vinnu þaðan í frá, ber að greiða honum 2000 krónur,  
en að því skapi lægri upphæð, sem minna skortir á, að hann sje  
til fulls vinnufær, og ekkert, ef minna skortir en að  $\frac{1}{5}$  hluta.
21. — - — Úr liðnum b. falli þessi orð: »innan eins árs frá því að slysið  
varð«.
22. — - — Úr næstu málsgrein falli: »eftirtaldir«.
23. — - — Aftan af tölulið 3 falli: »hafi þau ..... framfæri«.

24. Við 5. gr. Komi nýr liður, sem verður 4. liður, þannig:  
Systkini hins látna.
25. — - — Málgreinin: »Dregin skal frá ..... a-lið« falli burt. Í hennar stað komi:  
Frá skaðabótunum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þá upphæð, er greidd hefir verið þeim sjálfum, er fyrir slysinu varð, samkvæmt a-lið.
26. — - — Úr síðustu málgrein falli: »nokkuð af skaðabótum þeim«. Í þess stað komi:  
neitt skaðabætur þær.
27. — - — Aftan við greinina bætist:  
og ekki má leggja á þær löghald nje í þeim gera fjárnám eða lögtak.
28. — 9. — Fyrir »15,000 krónur« komi:  
30,000 krónur.

Alþingi, 25. júlí 1917.

Karl Einarsson,  
formaður.

M. J. Kristjánsson,  
ritari og framsögum.

Kristinn Danielsson.